

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976.

#### 1. gr.

24. gr. falli niður.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1995.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Við útdrátt vinninga í 3. og 12. flokki 1995 skal í hvort skipti draga sérstaklega út einn vinning í hverri röð, B, E, F, G og H, sbr. 9. gr., sem dreginn skal eingöngu úr seldum miðum.

Drátturinn fer þannig fram:

- a. Valið er númer með notkun stokks. Valið fer fram með þeim hætti að stokknum er snúið. Ef sex fyrstu stafir sem þá koma upp mynda tölu á bilinu 1 – 60.000 skal sú tala skráð og telst hún vinningsnúmer. Ella skal valið endurtekið þar til slík tala kemur upp.
- b. Athugað er hvaða happdrættismiðar með vinningsnúmerinu eru seldir. Seldur miði sem ber númerið og bókstaf miðaraðar hlýtur vinning.
- c. Ef allar miðaraðir hljóta ekki vinning í þessum drætti skal dráttur endurtekinn vegna þeirra raða.
- d. Dráttur skal endurtekinn þar til miði í hverri miðaröð hefur hlotið vinning.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. nóvember 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 596

11. nóvember 1994

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á legu Vestfjarðarvegar yfir Gilsfjörð ásamt aðkomuvegum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 11. nóvember 1994 staðfest legu Vestfjarðarvegar yfir Gilsfjörð ásamt aðkomuvegum í Saurbæjar- og Reykhólahreppum.

Aðalskipulag að nýrri legu vegarins og aðkomuvegum ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um. Sveitarstjórnir Saurbæjar- og Reykhólahreppa hafa samþykkt skipulagsáætlunina og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytið, 11. nóvember 1994.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Magnús Jóhannesson.*